

Nd.

435. Nefndarálit

[115. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 20 20. júní 1923, um réttindi og skyldur hjóna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og sent það til umsagnar laga- og viðskiptadeildar Háskóla Íslands. Mælir hún með því, að frumvarpið verði samþykkt. Fylgir álit hennar hér með sem fylgiskjal. Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Tveir nefndarmenn (BF og GuðlG) voru utanbæjar, er málið var endanlega afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 28. febr. 1961.

Sigurður Bjarnason,  
form.

Jón Skaftason,  
frsm.

Hannibal Valdimarsson.

Fylgiskjal.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

— laga- og viðskiptadeild —

27. febr. 1961.

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 20 20. júní 1923, um réttindi og skyldur hjóna.

Háttvirt heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 14. febr. s. l., óskað umsagnar laga- og viðskiptadeildar um frv. þetta, og er sérstaklega óskað álits deildarinnar um það, „hvort frumvarpið, ef að lögum verður, mundi brjóta í bága við stjórnarskrá landsins“.

Allt frá gildistöku laga nr. 20/1923 hafa gilt hér á landi tvenns konar lög um fjármál hjóna, þ. e. lög nr. 3/1900 um fjármál þeirra hjóna, er stofnuðu til hjúskapar fyrir 1. jan. 1924, en lög nr. 20/1923 um yngri hjónabönd. Þessi tilhögun er á margan hátt óhaganleg, enda er svo fyrir mælt í lögum um fjármál hjóna, sem lögfest voru á hinum Norðurlöndunum um svipað leyti og framangreind lög nr. 20/1923, að þessi nýju lög tækju yfirleitt til hjónabanda, sem til var stofnað fyrir gildistöku laganna. Tilhögun sú, sem lögmælt er í lögum nr. 3/1900, samrýmist naumast skoðunum þorra manna um jafnræði hjóna, en það orkar ekki tvímælis, að óæskilegt er — og telst enda til fádæma — að tvenn lög séu í senn í gildi um sama réttatriðið, svo sem hér er. Af þessum sökum lýsir deildin fylgi sínu við frumvarpið og telur, að það gangi á engan hátt í berhöggi við stjórnlög landsins.

Virðingarfyllt,

f. h. laga- og viðskiptadeildar,

Ólafur Björnsson,  
deildarforseti.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar,  
Alþingi.